


Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

matvælaráðherra

15. apríl 2024

Landssamband smábátæigenda óskar þér til hamingju með embætti matvælaráðherra og velfarnaðar í starfi.

Þann 2. maí nk. hefja strandveiðisjómenn sitt 16. tímabil. Mikill áhugi hefur verið á veiðunum sem sýnir sig best á fjölgun báta og nýjum aðilum sem stíga nú sín fyrstu skref í útgerð. Þar eru kynsystur þínar ekki undanskildar.



Velvilji þjóðarinnar til strandveiða var staðfestur með skoðanakönnun sem ráðuneyti yðar lét gera samhliða vinnu starfshópsins „Auðlindarinnar okkar“. 72,3% þjóðarinnar vilja að aflaheimildir til strandveiða verði auknar.

Landssamband smábátæigenda hefur allt frá því að Fiskistofa auglýsti í fyrsta sinn stöðvun strandveiða, í ágúst 2020, óskað eftir að ráðherra tryggi nægar veiðiheimildir til 12 daga sóknar í hverjum mánuði maí–ágúst. Beiðni LS hefur til þessa ekki borið þann árangur sem vænst hefur verið.

Rúmt ár er liðið frá því LS viðraði þá hugmynd að meðan stjórnvöld sæju sér ekki fært að auka við veiðiheimildir til strandveiða og þar til yfirstandandi endurskoðun á lögum lýkur verði ákvæði um stöðvun vikið til hliðar, jafnframt sem veiðidögum verði fækkað um tvo í hverjum mánuði.

Full eining er um málið meðal svæðisfélaga LS um að fara þessa leið eða eins og segir í ályktun stjórnar Fonts (svæðisfélag LS á NA-landi) 2. apríl sl.:

*„Standi vilji stjórnvalda ekki til þess að tryggja nægar veiðiheimildir sem duga fyrir 48 daga verði dögum fækkað. Í stað tólf daga í hverjum mánuði verði fjöldi veiðidaga tíu. **Samhliða breytingunni verði tryggt að ákvæðið um að Fiskistofa skuli stöðva veiðar þegar sýnt þykir að leyfilegum heildarafla verði náð, komi ekki til framkvæmda.***

Breytingin mun tryggja fullt jafnræði strandveiða milli allra landshluta.“

Á fundi LS með þv. matvælaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, þann 22. febrúar sl. var farið ítarlega yfir áherslur félagsins um strandveiðar. LS vitnaði til talna um þorskafla úr svari MAR við fyrirspurn 604. mál á [þingskjal 1076](#) um „Hvað var mikið af aflaheimildum í eftirfarandi nytjategundum á sl. 10 árum sem ekki var nýtt“? Jafnframt ítrekað að gerð yrði tilraun sem stæði yfir í 3-5 ár með óbreyttar strandveiðar án þess að setja á þær tiltekið heildaraflamark.

Tölur um þorsk sögðu að samtals 184.675 tonn hefðu ekki verið nýtt á fiskveiðiárum 2013/2014 – 2022/2023 eða tvöfalt meira en afli strandveiðibáta á tímabilinu, 94.430 tonn. Af þessum sökum væru allar hömlur á strandveiðar óþarfar. Á fundinum sögðu sérfræðingar MAR tölurnar ekki réttar. Ráðherra sagðist myndu skoða málið.

Nokkru eftir fundinn bárust LS upplýsingar um að MAR hefði sent frá sér endurskoðaðar tölur. Þær hafa ekki birst sem leiðrétting við svar ráðherra við fyrirspurninni. Á þeim mátti skilja að aflaheimildir í þorski hefðu allar verið nýttar og gott betur, þar sem talan var komin í 151.937 tonn í mínus. Sveifla upp á 336.612 tonn.

20. mars átti LS fund með ráðuneytisstjóra MAR og tveimur sérfræðingum þess. Þar viðhélt LS sjónarmiðum sínum sem fram komu á fundinum 22. febrúar ásamt því að ítreka andstöðu sína á frumvarpi um breytta veiðistjórn á grásleppu sem formaður atvinnuveganefndar hafði tekið upp að beiðni matvælaráðherra og fengið samþykkt af meirihluta nefndarinnar til framlagningar. Á fundinum voru sjónarmið beggja aðila um stöðvun strandveiða rædd og áhersla lögð á að fá réttar tölur um nýtingu þorskheimilda sl. tíu ára. Boðað var til sérstaks fundar um það mál föstudaginn 22. mars. Að beiðni MAR var honum frestað og ekki talið unnt að halda fyrir en eftir páska.

Á fundi 5. apríl lagði MAR fram 3. útgáfu talna um nýtingu þorsks á áðurnefndu tímabili. Tölurnar voru rauðar sem þýddi að veitt hafði verið umfram útgefnar heimildir. Samtalan hafði lækkað um 47.429 tonn í 104.508 tonn.

LS hefur nýtt sér upplýsingar á vef Fiskistofu til að staðreyna tölur MAR. Samkvæmt þeim vantar rúm 38 þúsund tonn upp á að afli hafi náð leyfilegu heildaraflamagni.¹ Það er skoðun LS að með téðum breytingum á strandveiðikerfinu yrði farin afar varfærin leið til að tryggja fulla nýtingu þorskaflaheimilda og eigi hún því fullan rétt á sér. Bent skal á að á fiskveiðiárunum 2019, 2020, 2021 og 2022 fór þjóðin á mis við 145 þúsund tonn af ufsa, heimildir sem nýttust ekki sem

¹ LS hefur sent MAR erindi um nákvæma skoðun á aflatölum í þorski


aflí. Miðað við meðalverð á fiskmörkuðum tímabilið 1. september 2019 til og með 31. ágúst 2023 er aflaverðmæti þessa magns 26 milljarðar. Á yfirstandandi fiskveiðiári bendir allt til þess að hlutfall ufsa sem ekki nýtist með veiðum verði það hæsta á því 5 ára tímabili sem hér er fjallað um. [Sjá nánar.](#)

Lokaorð

Með útgerð á áttunda hundrað strandveiðibáta er plássuð, sem voru illa leikin af framsali aflaheimilda eða vegna annarra hrakfara, veitt hlutdeild í sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þá gefa strandveiðar þeim sem ekki hafa yfir að ráða aflamarki tækifæri til útgerðar, auk þeirra sem hafa litlar veiðiheimildir að ná lengri nýtingu á bát og búnað. Síðast en ekki síst eins og þér hafið réttilega sagt:

„Veiðarnar hafa ekki síður veigamikla táknræna þýðingu fyrir byggðirnar í landinu, því að fátt er jafn samgróíð þjóðarsálinni og líf í höfnum landsins.“

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri